



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Múlaþing
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngás 12
700 Egilsstaðir

Djúpivogur, 20. júní 2022
MÍ202205-0149/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Jörfi, Múlaþing - tillaga að deiliskipulagi

Minjastofnun Íslands hefur móttengið tölvubréf ritara umhverfis- og framkvæmdarsviðs Múlaþings frá 20. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar um vinnslutillögu að nýju deiliskipulagi fyrir íbúðarbyggð við Jörfa á Bakkagerði, Múlaþingi. Meðfylgjandi var greinargerð og uppdráttur skipulagstillögunar, dags. 16.05.2022.

Skipulagssvæðið afmarkast af Desjarmýrarvegi í norðri og nær utan um byggðina við Jörfa og Dagsbrún og að túnskurðinum utan við efri innsiglingarvörðu. Svæðið er byggt að hluta. Markmið skipulagsins er að auka framboð á einbýlis-, rað- og parhúsalóðum í þéttbýlinu, varðveita heildaryfirbragð byggðar við Desjarmýrarveg, afmarka lóðir og setja skilmála fyrir núverandi byggð og skilgreina og setja skilmála fyrir iðnaðarlóðir í hverfinu.

Í kafla 3.2.1 kemur fram að EFLA hafi unnið húsakönnun innan skipulagssvæðisins og aðeins eitt hús sé friðað samkvæmt lögum um menningarminjar.

Í kafla 3.3 er fjallað um minjar. Þar segir að fornleifaskráning hafi verið gerð fyrir skipulagssvæðið og fimm minjar hafi fundist innan svæðisins og tvær af þeim teljast ekki til fornleifa.

Í kafla 4.7.5 er fjallað um friðuð hús og þar segir að stuðlað verði að því að húsið Jörfi sem teljast til friðaðra mannvirkja, ásamt garðinum og Jörfalæknum sé varðveitt sem ein heild.

Í kafla 4.9 segir að fari fram nauðsynlegar framkvæmdir nærri þekktum minjum séu þær heimilar með takmörkunum sem fela í sér að gæta sérstakrar varúðar vegna minja sem gætu fundist neðanjarðar.

Í kafla 5.1 er fjallað um umhverfisáhrif deiliskipulagsins. Þar segir að áhrif á minjar séu metin óveruleg og að áhrif þess á friðað hús innan svæðisins séu einnig metin óveruleg.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá deiliskipulagi. Sagnabrunnur ehf. hefur unnið fornleifaskráningu fyrir skipulagssvæðið; *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags að Jörfa, Borgarfirði eystra, Múlaþingi* (skýrsla útgefin árið 2022). Einnig vann EFLA að húsakönnun fyrir skipulagssvæðið; *Byggðin*

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

við Jörfa og Dagsbrún á Borgarfirði eystri. Húsaskráning vegna deiliskipulags (skýrsla gefin út 12.05.2022).

Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Skipulagssvæðið er í dag að mestu byggt en áður var svæðið nýtt til landbúnaðar og stóðu þar nokkur fjárhús líkt og kemur fram í fornleifaskráningu svæðisins. Svæðið hefur verið ræst fram í gegnum tíðina.

Minjastofnun vekur athygli á því að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára eða eldri. Það er óheimilt að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis sbr. 3., 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Í 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir að öll hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri séu friðuð. Óheimilt er að raska friðuðum húsum og mannvirkjum, spilla þeim eða breyta, rífa þau eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Húsið Jörfi er reist árið 1897 og telst því friðað skv. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Desjamýrarvegur liggur alveg upp við húsið en fyrirhugað er að þrengja veginn til að koma fyrir göngustíg. Önnur hús innan skipulagssvæðisins eru reist eftir árið 1945 og falla því ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar.

Fimm minjar voru skráðar innan svæðisins og teljast þrjár þeirra til fornleifa skv. lögum um um menningarminjar; **Þóreyjarkofi – Þúfa (2754-3)**, **Bergsstaðir (2754-4)** og **Fjárhús Óla Jó (2754-5)**. Við yfirferð minjavarðar kom í ljós að í húsakönnun er getið um **innri innsiglingarvörðu** og er hún innan skipulagssvæðisins.

Af þeim fornleifum sem skráðar voru innan svæðisins sjást engin ummerki um þær á yfirborði en mögulega kunna ummerki um þær að leynast undir sverði.

- Bergsstaðir stóðu þar sem fyrirhugað er að hafa opið svæði rétt við Desjamýrarveg. *Ekki liggur fyrir í hverju þær framkvæmdar fela í sér og þarf því að vinna að þeim í samráði við Minjastofnun en minjar um bæinn kunna að leynast undir sverði og því möguleiki á að bregðast þurfi við með mótvægisáðgerðum ef fyrirhugað er að fara í jarðvegsframkvæmdir. Slíkar mótvægisáðgerðir geta falið í sér að fornleifafræðingur viðhafi framkvæmdareftirlit eða taki könnunarskurð en það fer eftir eðli framkvæmdanna.*
- Þóreyjarkofi stóð nálægt Desjamýrarveg en svæðið er töluvert raskað vegna gatnagerðar í seinni tíð. Húsið var torfhús og reist árið 1902 og brennt árið 1910. Mögulega kann gangstétt sem fyrirhugað er að leggja um svæðið að ná inn fyrir svæðið þar sem húsið stóð en útfærsla þeirrar framkvæmdar liggur ekki fyrir. *Vinna þarf tillögur vegna jarðvegsframkvæmda á svæðinu í samráði við Minjastofnun svo hægt sé að meta hvort að bregðast þurfi við með mótvægisáðgerðum*

vegna þeirra, s.s. að fornleifafræðingur viðhafi framkvæmdareftirlit eða taki könnunarskurð en það fer eftir eðli framkvæmdanna.

- Fjórhus Óla Jó voru innan lóðar Dagsbrúnar. Engin ummerki sjást um húsið í dag og búið er að byggja innan reitsins og er þar í dag slétt flöt. *Ef fyrirhugað er að fara í jarðvegsframkvæmdir á svæðinu þarf að vinna þá tillögu í samráði við Minjastofnun. Mögulega kann að vera að farið fram á mótvægisáðgerðir, s.s. að fornleifafræðingur hafi framkvæmdareftirlit með jarðvegsframkvæmdunum eða taki könnunarskurð en það fer eftir eðli framkvæmdanna.*
- Einn minjastaður fannst eftir að fornleifaskráningu lauk en það er innsiglingarvarða-innri sem hefur verið þar sem í dag stendur húsið Vörðubrún. *Varðan er horfin vegna seinni tíma framkvæmda en Vörðubrún var reist árið 1980 skv. Fasteiganskrá.*

Eitt hús innan skipulagssvæðisins telst friðað sökum aldurs en það er húsið Jörfi. *Allar breytingar á friðuðum húsum þurfa að berast til Minjastofnunar sérstaklega, sbr. 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Minjastofnun fagnar áformum um að stuðlað sé að vernd umhverfis Jörfa og að horft sé á svæðið sem heild. Einnig þarf að uppfæra deiliskipulagsupphrátt þar sem húsið Jörfi er merkt með fjólubláum lit þar sem um er að ræða friðað hús.*

Tveir staðir voru skráðir sem teljast ekki til fornleifa samkvæmt lögum um menningarminjar en það eru ummerki um fjórhus sem talin eru reist fyrir 1940. *Minjarnar falla ekki undir verndarákvæði laga um menningarminjar en með skráningu þeirra hefur staðsetning og hlutverk þeirra verið skrásett.*

Laga þarf texta í kafla 4.9 þar sem fram kemur að framkvæmdir nálægt minjum séu heimilaðar með takmörkunum að farið sé varlega. Fornleifar njóta 15m friðhelgunarsvæðis og eru framkvæmdir innan þess svæðis óheimilar án leyfis Minjastofnunar Íslands. Ef nauðsynlega þarf að fara í framkvæmdir innan friðhelgunarsvæði fornleifa þarf að leita leyfis stofnunarinnar.

Menningarminjar teljast til fornleifa, húsa og mannvirkja og er umfjöllun um menningarminjar svolítið tætt í greinargerðinni. Í einum kafla er fjallað um minjar og svo er á öðrum stað fjallað um húsakönnun og að þar sé friðað hús. Til að ná utan um heildarmynd menningarminja innan svæðisins væri ákjósanlegt að umfjöllun um þær væri meira samrýmd.

Uppfæra þarf skipulagsupphrátt og greinargerð í samræmi við athugasemdir stofnunarinnar hér að ofan. Rétt er að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda

framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Endanleg deiliskipulagstillaga þarf að berast til umsagnar hjá Minjastofnunar Íslands eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum stofnunarinnar hér að ofan. Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Múlaþings (skipulagsfulltrui@mulathing.is)

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.